

## Þróunarsjóður innflytjendamála

### Development Fund for Immigration Issues

**Heiti verkefnis:** Samfélagsgreiningar

**Nafn styrkþega:** Reykjanesbær

**Útdráttur:** Samfélagsgreining á Suðurnesjum hefur verið unnin í nánu samstarfi sveitarfélaganna á Suðurnesjum og Sambands sveitarfélaga á suðurnesjum. Gerðir voru tveir samstarfssamningar, annars vegar við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og hins vegar Hagstofu Íslands. Félagsvísindastofnun rannsakaði lífsgæði, líðan og viðhorf íbúa á Suðurnesjum, [skýrsla](#) kom út í október 2021. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að afla þekkingar á því á hvaða sviðum þurfi að efla aðgerðir eða breyta áherslum og hvernig unnt sé að bæta þjónustu til að stuðla að auknum lífsgæðum íbúa Suðurnesja. Þetta var gert með því að kanna viðhorf íbúa til svæðisins, til þjónustu á sæðinu, innflytjenda og fjölmenningsamfélagsins, kanna félagslega virkni íbúa og greina hvort tengsl væru á milli virkni og líðan íbúa. Við framkvæmd rannsóknar Félagsvísindastofnunar var notast við bæði eigindlegar og megindlegar aðferðir. Könnuð voru tengsl milli félagslegrar virkni og vellíðanar, og voru helstu niðurstöðurnar þær að því meira sem íbúar tóku þátt í félagsstarfi og því oftast sem þeir sóttu menningarviðburði, því betri var líðan þeirra. Samningurinn við Hagstofu Íslands sneri að lýðfræðilegri greiningu á samfélagi Suðurnesja. Með honum fylgir vinnslubeiðni í 15 töluliðum og með 13 bakgrunnsbreytum. Um er að ræða fimm skipta samning til fjögurra ára þar sem Hagstofan afhendir Reykjanesbæ gagnasett um samfélag Suðurnesja einu sinni á ári; 2020, 2021, 2022, 2023 og 2024. Gagnasettin hafa verið sett fram í gagnvirkri vefskýrslu sem leiðtogar opinberra stofnana á Suðurnesjum hafa aðgang að. Hagstofan hefur skilað tveimur gagnasettum, þ.e. fyrir árin 2020 og 2021 og er von á tölum fyrir árið 2022 á næstu vikum. Þróunarverkefnið er enn í mótun og er gert ráð fyrir því að skýrslan verði síðar opin almenningi. Samfélagsgreiningarnar hafa haft viðamikil áhrif á sýn sveitarfélaganna á samfélagið og haft mótandi áhrif á ákvarðanatöku um verkefni og úrræði.

**Name of the project:** Community analytic

**Name of grantee:** Reykjanesbær

**Project description:** A community analysis of Suðurnesjabær has been carried out in close cooperation between the municipalities of Suðurnes and the Association of Municipalities in Suðurnes. Two collaboration agreements were made, one with the Institute of Social Sciences of the University of Iceland and the other with Statistics Iceland.

The Institute of Social Sciences studied the quality of life, well-being and attitudes of the residents of Suðurnes, a report was published in October 2021. The main goal of the study was to gain knowledge in which areas actions need to be strengthened or priorities changed and how services can be improved to promote an increased quality of life for the residents of Suðurnes. This was done by examining the residents' attitudes towards the area, towards services in the area, immigrants and the multicultural community, examining the social activity of the residents and analyzing whether there was a connection between the activity and the well-being of the residents. Both qualitative and quantitative methods were used during the research conducted by the Institute of Social Sciences. The relationship between social activity and well-being was investigated, and the main findings were that the more residents participated in social activities and the more often they attended cultural events, the better their well-being. The agreement with Statistics Iceland was about a demographic analysis of the society of Suðurnes. It comes with a processing request in 15 numbers and with 13 background variables. This is a five-part contract for four years, where Statistics Iceland delivers Reykjanesbær a data set about the community of Suðurnes once a year; 2020, 2021, 2022, 2023 and 2024. The data sets have been presented in an interactive web report that leaders of public institutions in Suðurnes have access to. Statistics Iceland has returned two sets of data, i.e. for the years 2020 and 2021 and numbers for 2022 are expected in the coming weeks. The development project is still in development and it is expected that the report will later be open to the public. The community analyzes have had a far-reaching impact on the municipalities' view of society and have had a formative effect on decision-making about projects and resources.